

Nd.

231. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. (Herpinótaveiði).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið ásátt um, að rjett sje að taka til greina óskir Skagfirðinga um rýmkun á svæði því, er þeim er heimilt að gera samþykt á um sildveiði með herpinót. Það er aðallega vestanmegin fjarðarins, sem línan færir út, en þar eru fiskimið þau, er þeir vilja friða fyrir herpinótaveiði, sem þeir segja að oft valdi truflun við veiðarnar og stundum skemd á veiðarfærum. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 26. mars 1923.

Stefán Stefánsson, Pjetur Ottesen,
form. skrifari og frsm.

Einar Þorgilsson. Jón Baldvinsson. Jakob Möller.